



## 130. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi,

16. 01. 2018 kl.16.30, í Fjölheimum

**Mætt:** Sigursveinn Sigurðsson formaður, Þór Hreinsson, Elín Einarsdóttir, Magðalena K. Jónsdóttir, Laufey Ósk Magnúsdóttir varaformaður og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

### 1. Fjármögnun Fræðslunetsins 2018

Nú er meira en ár liðið frá því að nefnd á vegum fyrrum forsætisráðherra skilaði af sér skýrslu sem fjallaði m.a. um tillögur til eflingar á miðsvæði Suðurlands þar sem lagt er til að framlag sem Fræðslunetið hefur fengið hingað til aukalega yrði gert að föstu framlagi á fjárlögum frá 2017. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur enn ekki tekið skýrsluna til umfjöllunar. Því sendir stjórn Fræðslunetsins frá sér eftirfarandi bókun og felur framkvæmdastjóra að senda hana til ráðherra.

#### Bókun

*Undanfarin ár hefur Fræðslunetinu verið tryggðar í þinglegri meðferð fjárlaga 10.000.000 kr. framlag til að mæta þeim kostnaði sem fólst í því að taka við þjónustu Austurbrúar á Höfn 2014 og til þess að auka þjónustu frá árinu 2013 á miðsvæði Suðurlands (frá Markaflljóti að Örfæfum). Nú bregður hinsvegar svo við á nýjum fjárlögum 2018 að ekki verður um slíkt framlag að ræða fyrir þetta ár.*

*Haustið 2016 skipaði forsætisráðuneytið undir stjórn Sigurðar Inga Jóhannssonar forsætisráðherra nefnd til þess að koma með tillögur til eflingar á miðsvæði Suðurlands. Ein af þeim tillögum sem nefndin samþykkti var að það framlag, sem Fræðslunetið hafði fengið hingað til aukalega til verksins, yrði gert að föstu framlagi á fjárlögum frá 2017 (sjá bls. 5 – 6 í skýrslunni).*

*Í nóvember 2016 tók ríkistjórnin skýrsluna til umræðu og samþykkti að vísa henni til viðkomandi ráðuneyta til frekari útfærslu. Skýrslan hefur ekki enn verið tekin til efnislegrar meðferðar í Menntamálaráðuneytinu. Stjórn Fræðslunetsins símenntunar á Suðurlandi beinir því til háttvirts menntamálaráðherra að beita sér fyrir því, innan Menntamálaráðuneytisins, að skýrslan fái þar efnislega meðferð og að tillaga nefndarinnar verði framkvæmd. Þannig verði tryggt að 10.000.000 kr. framlag berist Fræðslunetinu árlega til þess að sinna þjónustu á miðsvæði Suðurlands.*



2. Starfsáætlun 2018.

Framkvæmdastjóri kynnir starfsáætlun fyrir 2018.

3. Framkvæmdastjóri segir fréttir frá starfinu.

4. Önnur mál

a. Breyting á starfsmannahaldi

- i. Nýr verkefnastjóri á Höfn er Sædis Ösp Valdimarsdóttir félagsráðgjafi.
- ii. Nýr verkefnastjóri í 50% stöðu til tveggja ára er Dýrfinna Sigurjónsdóttir.

Fundi slitið kl. : 18.15

Fundargerð ritaði Laufey Ósk Magnúsdóttir

Sigursvein Mar Sigurðsson  
Laufey Ósk Magnúsdóttir  
~~Þór Meirsson~~  
Þaðalena K. Jónsdóttir  
Blúi Þorinn